Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Viðtakandi: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Sendandi: Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Reykjavík, 24. nóvember 2026

MINNISBLAÐ

Forgangsröðun verkefna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til áramóta þegar verkefni heilbrigðiseftirlits verða flutt til ríkisins

Forsaga:

Alþingi hefur að tillögu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra tekið ákvörðun um að færa allt heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga frá sveitarfélögum til ríkisins frá og með næstu áramótum. Allt heilbrigðiseftirlit verður frá 1. janúar 2027 í höndum tveggja aðskildra ríkisstofnana, Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) og nýrrar Stofnunar atvinnuveganna (STAV).

Undirbúningi og innleiðingu breytinganna hefur verið verulega ábótavant m.t.t. flutnings verkefna og ráðningu starfsfólks. Starfsfólki heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga hefur ekki öllu verið boðið starf hjá stofnunum ríkisins og því ljóst að hluti starfsfólks Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) verður án atvinnu á nýju ári. Eins er ljóst að UOS mun aðeins taka tillit til menntunar við röðun í launaflokka, og ekki horft til margra ára reynslu starfsfólks, og því er ljóst að launakjör heilbrigðisfulltrúa sem færa sig til ríkisins munu versna umtalsvert. Ríkið hefur þannig ekki staðið við gefin loforð varðandi almenn störf í boði, kaup og kjör. Einnig hafa loforð um aðgengi heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga að teymisstjórastöðum hjá UOS ekki gengið eftir og þeim stjórnunarstöðum hefur þegar verið úthlutað til núverandi starfsfólks stofnunarinnar.
Þrátt fyrir að hluti starfsfólks sem boðið hefur verið starf hjá UOS hafi hafnað boðinu er það ekki vilji UOS að bjóða þeim sem ekki fengu boð um störf að ganga inní þau störf sem losnað hafa.

Staða mála við ráðningar starfsfólks til stofnanna ríkisins og óvissa sem því hefur fylgt hefur haft í för með sér verulega óánægju starfsfólks, sem hefur fengið uppsagnarbréf en enga ráðningu við hæfi eins og lofað var. Fækkun hefur þegar orðið í starfsmannahópi HER, bæði vegna veikindaleyfa og uppsagna starfsfólks vegna breytinganna. Eins hefur hluti starfsfólks óskað eftir því að nýta orlof sitt fram til áramóta.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Þjónusturof:

Í ljósi ofangreinds er fyrirsjáanlegt að talsvert þjónusturof verður á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til áramóta, og líklega enn meira rof í þjónustu ríkisstofnanna á nýju ári í ljósi þess hve skammt flutningur verkefna og starfsfólks er kominn. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum til að tryggja að mikilvægustu verkefnum HER verði sinnt eins og þörf er á, viðskiptavinir heilbrigðiseftirlitsins verði upplýstir um yfirvonandi þjónustuskerðingu og Reykjavíkurborg upplýst um hvaða áhrif breytingarnar munu hafa á samstarfsverkefni HER og Reykjavíkurborgar.
Fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins hafa nú þegar ítrekað, bæði á fundum með Reykjavíkurborg og á samráðsvettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu farið yfir þau áhrif sem brotthvarf HER mun hafa á sveitarfélagið sem langstærsta viðskiptavin HER og vegna þeirra þjónustu sem HER veitir borginni í dag.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur nú þegar sett texta á heimasíðu embættisins þar sem skýrt er frá þeim breytingum sem framundan eru og upplýst um að hætta sé á þjónustuskerðingu vegna aukins álags og fækkunar starfsfólks.

> ⚠ Alþingi hefur ákveðið að leggja niður heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga frá 1. janúar 2027 og færa verkefnin til ríkisins.
>
> Umhverfis- og orkustofnun tekur við eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og ný Stofnun atvinnuveganna við matvælaeftirliti, en óvissa er um önnur verkefni.
>
> Í kjölfarið hefur öllu starfsfólki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur verið sagt upp störfum. Breytingarnar hafa þegar haft töluverð áhrif á starfsemina og valdið þjónustuskerðingu.
>
> Heilbrigðiseftirlitið starfar til ársloka 2026, en aukið álag og fækkun starfsfólks kallar á breytta forgangsröðun og lengri afgreiðslu- og svartíma.
>
> Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta veldur og þjónustuþegar beðnir um að sýna stöðunni skilning.

HER hyggst bæta texta inní svartölvupósta starfsfólks, sem og sjálfvirkra svarpósta embættisins vegna innsendra erinda og umsókna, þar sem svipaðar upplýsingar koma fram til leiðbeininga fyrir viðskiptavini og rekstraraðila.

Forgangsröðun verkefna:

Mikilvægt er að tryggja forgangsröðun verkefna HER. Ákveðin mál hafa kláran forgang, önnur verkefni þarf að vinna eins og kostur er á, og einhver verkefni verða ekki í forgangi vegna skertrar starfsemi.
Verkefni sem hafa kláran forgang eru t.d. matarsýkingar, alvarleg mengunaróhöpp og hollusta viðkvæmra hópa, eins og barna og eldri borgara, og verður slíkum verkefnum sinnt tafarlaust, hér eftir sem hingað til.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Umsóknir um starfsleyfi munu áfram verða afgreiddar strax og öll gögn og staðfesting byggingarfulltrúa liggur fyrir. Þetta gildir um öll ný starfsleyfi sem taka gildi fyrir áramót, breytingar á leyfum og endurnýjun starfsleyfa.
Heilbrigðiseftirlitið mun ekki setja í forgang vinnslu starfsleyfa til rekstraraðila sem hefja starfsemi á nýju ári, þar sem HER telur að það sé í flestum tilfellum heppilegra að UOS og STAV komi að útgáfu þeirra leyfa.

Reynt verður að svara kvörtunum íbúa eins skjótt og kostur er, en þó gæti þar komið til forgangsröðunar eftir eðli og mikilvægi mála. Húsnæðiskvartanir myndu njóta forgangs. Kærur sem þegar eru í vinnslu eða berast fyrir 15. desember eru ofarlega í forgangi, og verður svarað skilmerkilega innan gefinna fresta.


Umsagnir um skipulagsmál Reykjavíkurborgar, byggingaráform og teikningar verða unnar eftir því sem aðstæður leyfa. Sama gildir um rekstrar- og tækifærisleyfi, en með þeim fyrirvara að skoða þurfi sérstaklega hvort eðlilegt sé að veita umsagnir um leyfi fyrir viðburðum sem haldnir verða eftir að starfstíma HER lýkur.
Umsagnir um laga- og reglugerðarbreytingar verða hins vegar ekki forgangsverkefni.

Reglubundið eftirlit mun ekki vera í forgangi hjá HER fram til áramóta, þótt reynt verði að sinna því eftir bestu getu í samræmi við lög og reglur, og til að fá inn nauðsynlega tekjur fyrir starfsemi HER.

Eins þarf að taka tillit til þess að við breytingar sem þessar verður til fjöldi nýrra verkefna sem annars eru ekki á hendi heilbrigðiseftirlitsins en þarf að sinna fyrir áramót eða í kjölfarið. Þar má m.a. telja frágang verkefna, lokun mála, yfirferð tölvupósta, rafræna tiltekt í tölvum og kerfum, skil til skjalasafna, tiltekt í vinnurýmum, skráningu tækja og búnaðar, eyðingu merkts vinnufatnaðar, skil á vinnutölvum og -búnaði, uppsögn símasamninga og ýmislegt fleira.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Tómas G. Gíslason, framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001